

Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2020-2021

Flutt á aðalfundi félagsins 25. febrúar 2021
52. starfsári að ljúka

Þá er eitt undarlegasta starfsár Ský komið að lokum. Þrátt fyrir það hefur þetta starfsár verið viðburðaríkt, fjölbreytt og félaginu til sóma. Við höfum tekist á við margar nýjar áskoranir til að halda starfi okkar gangandi og hafa starfsmenn okkar þær Arnheiður og Linda unnið kraftaverk í að halda starfi okkar gangandi. Markmið Ský var, þrátt fyrir heimsfaraldur að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi, sem færðist meira út í rafræna viðburði.

Á árinu tókst stjórn, faghópum og framkvæmdastjóra að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár. Eftir fækkun á árunum fyrir 2011 hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu. En líklega vegna sviptinga og mikilla áhrifa heimsfaraldursins á atvinnulífið fækkaði talsvert í okkar röðum á starfsárinu. Við vorum 1.138 í fyrra en erum nú 1.069 eða fækkun um 69 manns.

Líklega eru persónuverndarlögin enn að hafa áhrif á póstlista Ský, því það er töluverð fækkun í heildartengslaneti Ský, en tengslanetið telur um 4.493 aðila núna. Félagið er þrátt fyrir þetta á góðum stað framtíðin er björt.

Stjórn Ský á starfsárinu 2020-2021

Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður
Dagbjartur Vilhjálmsson, varaformaður
Kristján Ólafsson, gjaldkeri
María Dís Gunnarsdóttir, ritari
Sólveig Hrönn Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Kristjana Björk Barðdal, meðstjórnandi
Jón Ingi Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 8 bókaða stjórnarfundi langflesta á Teams vegna aðstæðna. Að auki voru nokkrir vinnufundir bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

Ráðstefnur og fundir

Þrátt fyrir heimsfaraldurinn og stopp viðburðahalds í mars og apríl stóð Ský fyrir 16 viðburðum á árinu. Stærstur hluti þeirra fór fram í gegnum streymibúnað. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir liðna viðburði er að finna á vefsíðu félagsins (<https://www.sky.is/index.php/vidhburdhir>). Frítt var inn á viðburði í maí en mjög hógvær og sanngjörn verðlagning var á rafræna viðburði eftir það, til að hafa upp í streymikostnað. Góð aðsókn var almennt á þessa rafrænu viðburði.

Í ár var UTmessan haldin með glæsibrag en umgjörðin var talsvert önnur, þar sem þessi mikli viðburður okkar fór fram í netheimum ár, var þetta 11. UTmessan. Tilgangur UTmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var ágætlega sóttur, um 500 manns voru skráð á rafrænan ráðstefnuhluta UTmessunnar. Tæknidagur UTmessunnar fór svo fram á laugardeginum þar sem ýmsir viðburðir og sýning var á netinu í stað Hörpu og tóku 4 skólar þátt.

UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

Á árinu 2019 voru UT verðlaunin stækkuð með því að bæta við nýjum flokkum. Nýju flokkarnir eru „UT-Stafræn þjónusta“, „UT-Sprotinn“ og „UT-Fyrirtækið“.

UT verðlaunin 2021 voru afhent á látlausan hátt í hádegishléi UTmessunnar á Grand hóteli. Var viðburðinum streymt til ráðstefnugesta UTmessunnar að viðstöddum ráðherra Nýsköpunar og iðnaðar.

Í flokknum UT-Stafræn þjónusta varð Embætti Landlæknis fyrir valinu, Sidekick Health hlaut UT-Sprotinn og Controlant var valið UT-Fyrirtæki ársins.

Íslensk erfðagreining hlaut UT verðlaunin 2021.

Í rökstuðningi valnefndar segir:

“ Framlag Íslenskrar erfðagreiningar í heimsfaraldrinum Covid-19 við raðgreiningu veirusýna er einstakt. Vinna starfsmanna við skimun, lán á tækjabúnaði og starfsaðstöðu er ómetanleg á tímum alheimsfaraldurs ásamt öðru framlagi Íslenskrar erfðagreiningar á þessum skrítnu tímum. Tæknigeta og þekking innan Íslenskrar erfðagreiningar er eftirtektarverð hefur komið Íslendingum til góða í gegnum árin. ”

Slagorð fyrirtækisins; „Þekking í allra þágu“ er svo sannarlega rétt ef hugað er að því hvað Íslensk erfðagreining hefur gert í gegnum árin. Þannig hefur erfðagreining á orsökum margra alvarlegustu sjúkdóma mannkyns opnað möguleika á að bæta líf og heilsu. Þar má nefna krabbamein, sykursýki, og hjartasjúkdóma. Sérfræðingar fyrirtækisins standa framarlega í rannsóknum og eru meðal áhrifamestu vísindamanna í heiminum og samstarfsnet þeirra víðtækt.

Tímaritið Tölvumál, ritnefnd, orðanefnd og síðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í byrjun nóvember. Efnistöð blaðsins í ár var Heilsa og Tækni. Blaðið var sent til félagsmanna Ský. Vefútgáfa Tölvumála má finna á vef félagsins (www.sky.is) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífelld vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfelli lyklaborðið) og rita greinar.

Orðanefnd

Orðanefnd hefur starfað að nýju síðasta starfsár og hefur unnið ötullega að því að safna saman efni sem er til hér og þar með nýjum hugtökum sem búið er að þýða en er ekki að finna í Tölvuorðasafninu. Einnig hefur félagið fengið aðgang að Íðorðasafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og getur farið að bæta inn þýðingum á hugtökum sem hafa komið fram eftir að fyrri orðanefnd skilaði af sér árið 2013. Mikill hugur er í fólki og samstarfsvilji milli ólíkra aðila sem vinna við og koma að þýðingum á hugtökum í tölvugeiranum og bindum við vonir við að þó nokkuð af nýjum þýðingum verði að finna í Tölvuorðasafninu á næstu mánuðum.

Síðanefnd

Síðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu árin og er það svo í systurfélögum okkar í Evrópu. Þar er unnið að því að auka samstarf milli tölvufélaga og hafa sameiginlegar síðareglur og hefur sú vinna gengið hægar en til stóð en þó enn í gangi.

Faghópar

Á liðandi starfsári fækkaði lítið eitt í flestum faghópum, sem verður að teljast ásættanlegt í ljósi heildar fækkun í félaginu, það er gaman þrátt fyrir allt að faghóparnir séu nánast að halda sínum félögum. En mest fækkaði um 9 manns í einum hópi en fjölgaði að sama skapi um 26 í nýjasta faghópnum.

Starf faghópanna var á liðandi ári jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár. Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar voru 163 en eru nú 160.
- Öldungadeild, félagar voru 66 en eru nú 69.
- Fjarskiptahópur, félagar voru 162 en eru nú 155.
- Öryggishópur, félagar voru 247 en eru nú 247.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar voru 194 en eru nú 197.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar voru 225 en eru nú 216.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar voru 212 en eru nú 207.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar voru 199 en eru nú 197.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar voru 174 en eru nú 173.
- Faghópur um hagnýtingu gagna, félagar voru 40 en eru nú 66 (nýr faghópur 2019)

Innlent samstarf

Ský á samkvæmt lögum fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Þorvarður Kári Ólafsson er fulltrúi Ský. Félagið er einnig aðili að Icepro.

Erlent samstarf

Ský hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvutengt nám, ICT-Women task force og einnig ICT-Computing in Schools. Þar hefur sterklega komið fram að öll Evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur. DiversIT sáttmálinn er nýjasta afurð CEPIS og mun Ský sækja um að vera fulltrúi Íslands fyrir sáttmálann enda komum við að gerð verkefnisins frá upphafi og þekkjum það vel.

Bebras

Vikuna 9. – 13. nóvember stóð Ský fyrir Bebras áskorun á meðal barna á aldrinum 6-18 ára. Bebras áskorunin er alþjóðlegt verkefni sem kannar rökhugsun og tölvufærni með því að láta þátttakendur leysa krefjandi og skemmtileg verkefni. Það kostar ekkert að taka þátt og hvetjum við alla skóla landsins til að vera með. Bebraser keyrt samhliða í flestum löndum í byrjun nóvember ár hvert. Ísland hefur tekið þátt í Bebras áskoruninni með góðum árangri frá árinu 2015 og tóku 35 skólar og 2.503 nemendur þátt árið 2020.

Afkoma félagsins

Liðið starfsár varð frekar skrítið strax frá upphafi þar sem heimsfaraldurinn sett sitt strik í reikninginn. Allt fundahalda lagðist af í mars og apríl og við byrjuðum svo með fjarkynningar í maí án endurgjalds.

Frá því í haust höfum við svo boðið upp á fjarkynningar gegn vægu gjaldi til að hafa aðeins upp í kostnað við streymilausnir. Þátttaka hefur verið góð þrátt fyrir þessar breytingar.

Það er um 15 % tekjusaamdráttur hjá okkur vegna minni innkomu viðburða. Þá er svo að sama skapi lækkun kostnaðar vegna viðburða.

Félagið skilar því lítilsháttar tapi á árinu. Eins og síðasta ár. Eigin fjárstaða félagsins er enn mjög góð og hefur þetta ekki stór áhrif á hana, þó aðeins gangi á sjóðina. Á nýju starfsári þurfum við að hafa varann á í rekstrinum þar sem UTmessan var ekki með sama umfang og tekjur eins og fyrri ár. Ljóst er að viðburðahald verður áfram í formi fjarkynninga fram á haust en vonandi fer það í eðlilegt horf næsta vetur.

Lokaorð

Ský á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út og starfrækir faghópa. Rekur félagið nú áfram skrifstofu með tveimur stöðugildum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa viðburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starfsmenn félagsins eiga lof skilið fyrir það mikla starf sem þær hafa innt af hendi á árinu. Þær hafa sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og eru þeim kostum gæddar að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári, þrátt fyrir miklar áskoranir í rekstrarumhverfi okkar og viðburðahaldi.

F.h. stjórnar Ský,
Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður.